

Ísafjörður 7. júlí 2024

Ágæta skipulags- og mannvirkjanefnd

Engjavegur ehf býður uppá fjórhjólaferðir undir merkjum ATV-Ísafjörður

Við höfum verið að byggja upp fyrirtækið og þróa ferðir síðustu 8 ár og erum nú búin að festa kaup á húsnæði að Æðartanga 10 þar sem ferðirnar eru gerðar út og öll aðstaða orðin til fyrirmyndar. Við erum með 12 hjól en seljum einungis á 5 hjól í hverja ferð til að upplifun ferðamanna verði sem best. Þó kemur fyrir að við förum með fleiri hjól í til dæmis starfsmanna ferðir fyrirtækja og gæsa/steggjaferðir.

Við, eigendurnir erum búsett á Ísafirði allt árið og erum með ferðirnar í kringum 4 mánuði á ári. Við höfum mikið verið að þjónusta skemmtiferðaskip og erlenda ferðamenn og höfum fengið mjög góðar umsagnir á netinu og hafa gestir verið mjög ánægðir með þessar ferðir.

Eins og áður sagði þá hefjast ferðirnar í Æðartanga og þaðan er farið inn í fjörð og þaðan uppá Breiðadalshéiði, með viðkomu í Tunguskógi. Gestir fá að upplifa mikla náttúruvegur og útsýni. Allar okkar ferðir eru með leiðsögumanni - við leigjum ekki út hjólin

Áætlanir fyrir sumarið gera ráð fyrir hátt í 1000 farþega.

Í framhaldi af símtali frá Smára Karlssyni, starfsmanni Ísafjarðarbæjar leitum við nú til ykkar.

Hann tjáði okkur í þessu símtali að við mætum ekki lengur fara með fjórhjólaferðirnar okkar gamla Seljalandsveginn frá Skíðaveginum og niður að gamla Brúarnesti (það er, þar sem sá vegur lá í gamla daga og er nú vegslóði).

Við höfum keyrt þennan slóða frá því við byrjuðum með ferðirnar okkar fyrir 8 árum en nú er búið að banna okkur það og setja upp skilti sem bannar umferð vélknúinna ökutækja. Þetta kom okkur mjög á óvart þar sem það hvarflaði aldrei að okkur að þetta væri eingöngu göngustígur, þar sem lagðir hafa verið sérstakir göngustígar bæði fyrir ofan þennan veg og fyrir neðan. Eins höfum við oft séð bíla þarna.

Því viljum við spyrja: Er einhver möguleiki á því að vikið verði frá þessu þannig að okkur sé heimilt að fara þennan veg með ferðirnar okkar þar sem það er alveg sérstök upplifun fyrir okkar gesti.

Smári benti okkur á að við gætum bara farið hraðbrautina, sem við að sjálfsgöðu getum.

Við lítum á þetta sem öryggismál þar sem við reynum að lágmarka akstur á hraðbrautum. Bæði vegna hraða sem bílar keyra á þar, en einnig höfum við oft lent í erfiðum aðstæðum á hraðbrautinni þar sem bílar taka framúr og fara inn á milli í röðina hjá okkur.

Sú leið er líka frekar einsleit að fara fram og til baka og skemmtilegra fyrir farþegana að sjá annað umhverfi en hraðbrautina.

Það eru til dæmi í ýmsum sveitarfélögum um samnýtingu slóða, þar sem slóði getur hentað fyrir hestamenn, göngufólk, hjólréiðafólk og vélknúin ökutæki, allt í senn og þarf ekki eitt að útiloka annað. Það eina sem þarf er viljinn. Slóðavinir eru með mjög góð skilti sem notað eru á slíkum vegslóðum þar sem vélknúnu ökutækin vika allaf fyrir hinum og við treystum okkur fyllilega til þess. Við höfum mjög mikla reynslu af því að mæta öðrum vegfarendum á ferðum okkar á vegslóðum í kringum Ísafjörð og aldrei verið neitt vandamál.

Það eru líka dæmi um að sveitarfélög liðki til fyrir fyrirtæki sem eru með starfsemi í sveitarfélaginu og það er í raun það sem við erum að biðja um. Þar sem það eru göngustígar allt í kringum þennan vegslóða teljum við að málefnaleg rök séu fyrir því að veita okkur leyfi til að samnýta þennan slóða með öðrum vegfarendum.

Við erum nú í miðri ferðavertíð og þess vegna er mikilvægt að við fáum svör sem allra fyrst. Einnig hefðum við áhuga á að fá að mæta á fund með nefndinni til að fara yfir þessi mál og óskum eftir því hér með

Fyrir hönd Engjavegur ehf /ATV-Ísafjörður

Gunnar Skagfjörð Sæmundsson

Sigríður Guðfinna Ásgeirsdóttir